



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

SAMS1SP02

Kennari	Hólmfríður Rún Guðmundsdóttir, holmfridur.gudmundsdottir@fss.is	
Viðtalstími	Mánudaga kl. 14:00 – 14:40 stofa 221	
Námsefni	Spil: Allskonar spil, borðspil, stokkaspil, hlutverkaspil, spil á netinu, kaplar, klassísk spil, minnis spil og teningaspil. Kennarar og nemendur velja spil fyrir hvern tíma í sameiningu.	
Áfangalýsing	Í spilatímum fá nemendur tækifæri til að læra fjölbreytt spil, bæði gömul og ný. Leitast verður við að vinna með samvinnu, samkennd, kurteisi og nærgætni. Nemendur fá stuðning og fræðslu til að fylgja ákveðnum spilareglum, þekkja eigin rétt í spilum og virða rétt annarra. Kennarar og nemendur velja spil og spilafélaga í sameiningu.	
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Áfanginn er símatsáfangi. Unnin verða ákveðin verkefni á önninni auk þess sem virkni og þátttaka í tímum er metin.	
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐ Sleppikerfi ☐
	Heiti	Vægi
	Tímaverkefni	50%
	Virkni og þátttaka	50%
Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.	
Annað sem kennari vill láta koma fram	Gert er ráð fyrir að nemendur taki þátt í öllum verkefnum annarinnar.	
Grunnþættir menntunar	Unnið er með læsi í gegnum samskipti, tjáningu og lestur á reglum og leiðbeiningum, sjálfbærni með því að efla sjálfstæði, ábyrgð og ákvarðanatöku. Heilbrigði og velferð tengist áfanganum með áherslu á jákvæð samskipti, tilfinningar, félagsfærni og að takast á við sigur og ósigur. Lýðræði og mannréttindi og jafnrétti birtast í því að nemendur læra að virða reglur, hlusta á aðra, taka tillit til skoðana og taka þátt í sameiginlegri ákvörðunartöku. Sköpun felst meðal annars í því að nemendur fá tækifæri til að velja spil, prófa nýjar leiðir og nýta eigin hugmyndir og áhugamál.	

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: - Fjölbreyttum spilum - Mikilvægi þess að fylgja reglum spila - Mismunandi leiðum í samskiptum og samstarfi	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: - Spila mismunandi spil með mismunandi spilareglum - Lesa spilareglur og miðla þeim áfram - Mismunandi leiðum í samskiptum og samstarfi
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: - Spila fjölbreytt borðspil og kenna öðrum leikreglur - Mismunandi leiðum í samskiptum samstarfi	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 2 klst.	32 klst.
Tímaverkefni	4 klst	4 klst.
Alls		36 klst. = 2 ein

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19.-21. ágúst	Kynning á áfanga Borðspil	
2. vika 24.-28. ágúst	Borðspil	
3. vika 31. ágúst-4. september	Borðspil	
4. vika 7.-11. september	Borðspil	
5. vika 14.-18. september	Borðspil	Kennsla fellur niður á starfsbraut 14.9 vegna samskiptadags
6. vika 21.-25. september	Stokkaspil	
7. vika 28. september-2. október	Stokkaspil	
8. vika 5.-9. október	Hlutverkaspil	
9. vika 12.-16. október <i>Námsmatsdagur 12. okt. Miðannarmat 13. okt.</i>	Spil á netinu	
10. vika 19.-23. október <i>Vetrarleyfi 23. október</i>	Kaplar	
11. vika 26.-30. Október <i>Vetrarleyfi 26. október</i>	Teningaspil	
12. vika 2.-6. nóvember	Klassísk spil	
13. vika 9.-13. nóvember	Klassísk spil	
14. vika 16.-20. nóvember	Minnis spil	
15. vika 23.-27. nóvember <i>Dimissio 27. nóvember</i>	Teningaspil	
16. vika 30. nóvember-4. desember	Samvinnuspil	

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Hólmfríður Rún